

5. gr.

148  
11. júlí

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands.

Vallanesi, 29. júní 1918.

*M. Bl. Jónsson. M. Stefánsson. Þórarinn Benediktsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi«, útgefn á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

# Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum, og var orðinn, með vöxtum og vaxtavöxtum, í árslok 1917 kr. 236,23.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, þær er elgi njóta sveltastyrks.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er jafnan sju þessir: Sóknarpresturinn í hinni núverandi Möðruvallaklausturssókn, hreppstjórinn og einn úr hreppsnefndinni, er hún sjálf kýs.

Stjórnin ávaxtar fje sjóðsins, veltir móttöku gjöfum til hans og öðrum tekjum, og ber ábyrgð á, að ekkert af eigum hans glatist. Hún semur reikning sjóðsins við hver áramót og leggur hann fram fyrir næsta sýslunefndarfund Eyjafjarðarsýslu til úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í sparisjóði Arnarneshrepps, meðan hann starfar sem sjerstakur sjóður og nýtur sparisjóðsréttinda. Skulu ársvefdir allir lagðir við sjóðinn, þar til þeir nema 50 — fimmtíu — krónum á ári. Upp frá því má verja  $\frac{2}{3}$  — tveim þriðju — ársvaxtanna þangað til þeir nema 75 — sjötíu og fimm — krónum, síðan  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu — þar til þeir nema 100 — eitt hundrað — krónum og úr því

**149**  $\frac{4}{5}$  — fjórum fimtu — ársvaxtanna, alt samkvæmt fyrirmælum 2. greinar. Hinn hluta vaxt-  
11. júlí anna skal ávalt leggja við sjóðinn.

Verði eitthvert ár eigi útbýtt af vöxtunum öllum hlum tiltekna hluta, legst hitt alt við höfuðstólinn.

5. gr.

Þegar sá tími kemur að veita má af vöxtum sjóðsins samkvæmt 4. gr., ber þeim, er styrks æskja, að senda skriflegar umsóknir sínar þar um til stjórnar sjóðsins fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. En stjórnin skal síðan eiga fund með sjer fyrir desembermánaðarlok og úthlutar þá styrknum fyrir það ár.

Minsta styrkveiting skal vera 15 krópur. Styrkinn skal veita eigi síður eftir ástæðum en efnun.

6. gr.

Sveitarsjóður Arnarneshrepps styrkir sjóðinn árlega í næstu 21 ár með 50 — fimmtú — króna tillagi, er legst við höfuðstólinn.

7. gr.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir eftirlit með því að skipulagsskrá þessi sje eigi brotin.

8. gr.

Virðist stjórnarnefnd sjóðsins og íbúum Arnarneshrepps eftir liðu 80 — áttatíu — ár nauðsyn á að breyta þessari skipulagsskrá, skal það heimilt sjeu  $\frac{2}{3}$  — tveir þriðju — hlutar allra þeirra hreppsmanna, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, mættir á fundi og meiri hluti fundarmanna með breytingunni og með samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar, og skal þá leita konungsstaðfestingar á hinni breyttu skipulagsskrá.

9. gr.

Beiðast skal konungleggar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Að Möðruvöllum 16. febr. 1918.

*Tryggvi Konráðsson.*

*Stefán Stefánsson.*

*Jón Þorsteinsson.*